

**Nd.**

**66. Nefndarálit**

[52. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Stórfelld gengislækkun er skollin yfir, sú fjórða á valdatíma núverandi ríkisstjórnar. Stjórnin byrjaði feril sinn með því að framkvæma mikla gengislækkun og ákvað 38 kr. verð á Bandaríkjadollar í febr. 1960. Nú hefur verð á dollar verið ákveðið 88 krónur.

Þegar gengi íslenskrar krónu var breytt fyrir ári, var því haldið fram af ríkisstjórninni, að hún mundi leysa vanda efnahagslífsins þá og hleypa nýju fjöri í útflutningsatvinnuvegina. Reynslan var þveröfug. Aðeins einum mánuði eftir að gengislækkunin var gerð varð ríkisstjórnin að ganga til samninga við samtök útvegs-  
manna um margvíslegar aukastyrkveitingar. Og síðar varð ríkisstjórnin enn að bæta við ýmiss konar styrktargreiðslum til frystihúsa, fiskiðnaðar og síldar-  
útvegsins.

Efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar, sem gerðar voru fyrir ári, voru ekki aðeins fólgnar í mikilli gengislækkun og ýmiss konar beinum styrkjagreiðslum til sjávarútvegsins, heldur fylgdu einnig með miklar beinar álögur í ýmsum myndum.

Afleiðingar af þeim efnahagsráðstöfunum urðu fljótlega þær, að verðlag fór ört hækkandi.

Ætlun ríkisstjórnarinnar var, að verðhækkanirnar gengju yfir, án þess að launafólk fengi hækkun á kaupum sínum til þess að mæta aukinni dýrtíð. Þessi fyrirætlun ríkisstjórnarinnar mistókst í aðalatriðum, með því að verkalýðssamtökin knúðu á ný fram vísitöluuppbætur á laun með almennu og miklu verkfalli í marzmánuði s. l. vetur.

Þegar komið var fram á mitt ár, var öllum orðið ljóst, að efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar frá nóvembermánuði s. l. voru gjörsamlega runnar út í sandinn og vandi atvinnuveganna var sízt minni en áður.

Þegar höfð er í huga reynslan frá gengislækkunaraðgerðum ríkisstjórnarinnar frá s. l. ári, verður að telja furðulegt, að hún skuli enn á ný grípa til sams konar ráða í efnahagsmálum.

Í hvert sinn sem stjórnin hefur lækkað krónuna, hefur hún lýst því yfir, að tilgangurinn væri sá að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll. Hvernig er þá ástandið í efnahags- og atvinnumálunum nú, eftir 10 ára valdatíma núverandi stjórnarflokka?

Í stórum dráttum er þetta þannig: Erlendar skuldir þjóðarinnar hafa margfaldast og munu nú vera 8—9 milljarðar króna, miðað við fyrra gengi. Ríkissjóður rekinn með gifurlegum halla. Undirstöðuatvinnuvegirnir á heljarþröm. Atvinnuleysi þegar skolið á víða um land.

Reynslan hefur sýnt, að þrátt fyrir allar gengisbreytingar og aðrar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar hefur vandinn í efnahags- og atvinnumálunum stöðugt farið vaxandi. Og engar líkur benda til þess, að núverandi ríkisstjórn muni frekar nú en áður leysa þann vanda, sem við er að fást. Þess vegna lýsum við andstöðu okkar við hennar framferði og leggjum til, að frv. verði fellt.

Hér þarf grundvallarstefnubreytingu í málefnum þjóðarinnar og nýja ríkisstjórn til að framkvæma þá nýju stefnu.

Alþingi, 11. nóv. 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson,  
frsm.

Lúðvík Jósefsson.

Skúli Guðmundsson.